

**Nd.**

**397. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 40 19. júní 1922, um atvinnu við siglingar.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

**1. gr.**

Á eftir 19. gr. laganna kemur ný grein, sem verður 20. gr., svo hljóðandi, og breytist greinatala samkvæmt því:

Atvinnumálaráðherra er heimilt að veita þeim mönnum, er skipstjóraréttindi hafa á íslenzku skipi í innanlandssiglingum, allt að 60 rúmlesta, rétt til skipstjórnar á slíku skipi, þótt stærra sé, en þó eigi yfir 150 rúmlestir. Slíkan rétt má þó þeim einum veita, er stýrt hefir skipi í 60 mánuði hið minnsta, enda sanni hann, að honum hafi ekki hlekkzt á í skipstjórn.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**3. gr.**

Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu, skal fella texta þeirra, svo og meginmál laga nr. 49 27. júní 1925 og laga nr. 31 8. sept. 1931, inn í lög nr. 40 19. júní 1922 og gefa þau út svo breytt.